

Alþingi
Erindi nr. P 126/1051
komudagur 23.1.2001
Bauganesi 26,101 Reykjavík.

21. jan. 2001.

Til Menntamálanefndar Alþingis
Þórshamri
Reykjavík.

Háttvirt Menntamálanefnd Alþingis hefur fengið til meðferðar fjögur mál er snerta þjóðminjavörzluna og lögð voru fram á 126. löggjafarþingi 2000 - 2001, Frumvarp til safnalaga, Frumvarp til þjóðminjalaga, Frumvarp til laga um húsafríðun og Frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi.

Nefndin hefur sent ýmsum þessi frumvörp til umsagnar, en þótt mér hafi ekki verið send þau leyfi ég mér að senda nokkrar athugasemdir og ábendingar, sem ég tel að vera kynnu til bóta. - Vil ég nefna, að ég var ekki í neinni þeirri nefnd er umrædd frumvörp samdi og var hvorki kallaður þar til ráða né álits míns leitað, sem hefði þó verið ómaksins vert, því að ég var þá enn starfandi þjóðminjavörður og hafði líklegast mesta reynslu af þjóðminjalögum og vissi bezt hvar skórinn kreppti helzt að, hvaða annmarka þyrfti að sníða af gildandi lögum og hverju helzt væri ábótavant. En Menntamálaráðuneytið sendi mér sl. vor til kynningar drög að lögum og einnig fékk ég ásamt öðrum safnmönnum breytt drög á safnmannafundi sl. haust. Gerði ég nokkrar athugasemdir við þau til ráðuneytisins, og voru nokkrar teknar til greina í frumvörpunum.

Bið ég um að þetta sé ekki skoðað sem litilfjörlegur spardatíningur, því að tilgangurinn er að skilgreina hlutina skýrar og nákvæmar, en lög þurfa umfram allt að vera einföld, skýr og ótvíræð, en jafnframt sveigjanleg. Nóg er um lög sem menn bítast síðan um hvað merki í ýmsum atriðum.

Frumvarp til safnalaga

Ég tel það allmikinn annmarka, að náttúrugripasöfn skuli ekki nú þegar falla inn í safnalög, en veit þó ástæðuna, að náttúrugripasöfn heyra undir annað ráðuneyti en minjasöfn. En hlutverk þeirra er þó í mikilsverðum atriðum hið sama og menningarsögulegra safna, að fræða og kynna almenningi náttúrusögu og náttúrufar landsins.

Viða úti um land eru starfandi náttúrugripasöfn, sum að visu lítils vaxtar enn, en oftast eru þau í föstum tengslum við eða jafnvel hluti af byggðasöfnum, listasöfnum og skjala- og bókasöfnum viðkomandi héraðs. Þeim stýrir oft sami forstöðumaður og starfslið er hið sama. Þetta er eðlilegt, þar sem samnýta þarf krafta og ekki tók á að ráða sérstakan starfskraft að hverju safni.

Hér þyrftu því náttúrugripasöfn tvímælaust að falla undir, en vera má að meiri lagabreytingar þurfi til en unnt er á þessu stigi.

1. gr. Hér ætti að koma orðið kynna á eftir varðveita ("varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar"). - Þetta er mikilvægt, leggur áherzlu á þann þátt safna sem út á við snýr, að almenningi, fræðimönnum og vísindamönnum.

4. gr. Orðalag til bóta: "Safn er samkvæmt lögum þessum ..." (aðeins orðið er er fært til, það betra málfar. Mikilvægt er að góð og falleg íslenska sé á lögum).

5. gr. Betra hefði verið að hafa hér þjóðsöfn ("söfn sem þjóðin á") eða jafnvel landssöfn, í stað höfuðsöfn, sem hefur ekki nógu íslenzkan blæ yfir sér.

6. gr. Mér er kunnugt um, að sumir vilja leggja til að sama gildi um byggðasöfn og þjóðsöfn, að þau megi ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Ekki ætti hins vegar að grípa þannig fram fyrir hendur stjórnenda þeirra safna, sem ekki eru í eigu alþjóðar, og njörva niður ákvörðunarfrelsi þeirra. Safnstjórar og safnstjórnir þeirra verða að hafa frelsi til að ákveða, hvaða kvaðir sé rétt að gangast undir.

7. gr. Eðlilegt mætti telja að leita skuli umsagnar forstöðumanns Listasafns Íslands og Náttúrugripasafns Íslands (sem ég tel að ætti að hafa áfram hið gamla og ágæta heiti Náttúrugripasafn, enda er ávallt talað um náttúrugripasöfn hvarvetna), þegar um er að ræða lán til útlanda úr lista- eða náttúrugripasöfnum, því að þjóðminjavörður mun varla hafa sérþekkingu yfirleitt til að fjalla um þá hluti.

10. gr. Í stað frjáls framlög ætti að koma önnur framlög, því að um getur verið að ræða sjóði eða aðra fasta tekjustofna.

Hér ætti að setja verkefnastyrki í stað verkefnatengda styrki, sem er fegurra orðalag. Styrkir eru til verkefna, hitt er orðaflækja.

Ég legg áherzlu á að ekki verði breytt ákvæðum í frumvarpinu um þá kröfu til safna til að fá verkefnastyrki eða opinbera styrki yfirleitt, að þau hafi forstöðumann að minnsta kosti í hálfu starfi og skuli vera opin að minnsta kosti þrjá mánuði á ári. Ég veit að þetta hefur hlotið nokkra gagnrýni sumra safnmanna, sem vilja miða við skemmri starfs- eða opnunartíma, en þetta verður að vera lágmark. Ella verður vart um neina eiginlega safnstarfsemi að ræða. Safn sem skemur er opið kemur of lítið að gagni almenningi heima fyrir eða ferðamönnum, sem mörg söfn höfðu sérstaklega til og er eðlilegt í sjálfu sér. - Sama ákvæði á við aðra töluliði, þetta eru allt grundvallarákvæði.

Frumvarp til þjóðminjalaga

1. gr. Það er óeðlilegt að flokka skráðar heimildir til minja. Í eðlilegri málvitund eru minjar áþreifanlegir hlutir.

Skilgreining á orðinu þjóðminjar er rétt og nauðsynleg. Sjá þarf til að henni verði ekki breytt í meðförum.

6. gr. Mikilvægt er að þau söfn, sem fá heitið byggðasöfn, skuli vera í eigu opinberra aðilja (sveitarfélaga), eða sjálfseignarstofnanir með opinbera aðilja að bakhjarli. Einkasöfn eða söfn í séreigu félaga ættu ekki að kallast byggðasöfn, geta hins vegar heitað minjasöfn, það heiti er víðfeðmt. Opinberir styrkir skulu aðeins veittir í örugga staði, opinberir safnastyrkir ættu ekki að renna til einkarekinna safna. Þar er grundvöllur til menningarlegrar varðveislu of öruggur og sjaldnast er þeim söfnum stýrt á safnlegan hátt og ekki alltaf af mikilli fræðilegri þekkingu. Einstaklingar geta misst áhuga eða aðstæður þeirra breytzt, þeir geta selt söfn sín eða sundrað þeim, um það eru mörg dæmi. Varðveizlu þjóðminja fylgir mikil ábyrgð og ætti aðeins að vera í höndum opinberra og viðurkenndra öruggra aðilja.

Á sama hátt og þjóðminjavörður veitir safni viðurkenningu (þá til þess að teljast ábyrgt fyrir varðveizlu menningararfsins) þarf hann að hafa rétt til að svipta safn viðurkenningu. Jafnvel ætti viðurkenning að miðast við ákveðinn árafjölda í senn

(fimm ár?). - Hins vegar tel ég að þjóðminjavörður gæti í einhverjum tilvikum orðið settur í óþægilega klemmu með viðurkenningu safna, og væri jafnvel eðlilegra að safnaráð ákvæði slíka viðurkenningu og nyti þar að sjálfsöguðu álitis þjóðminjavarðar.

Æskilegt mætti telja, að eitt byggðasafn í hverjum fjórðungi bæri heitið miðsafn. Miðsöfn hefðu meira starfssvið, meira vægi og skyldur en önnur, og hlytu sérstyrki ríkisvaldsins. Við þau sætu minjaverðir. Þar væri komið upp fræða- og rannsóknaraðstöðu með rita- og heimildasafni og þau hefðu sérskyldu gagnvart Þjóðminjasafni umfram önnur söfn um varðveislu og rannsóknir ýmissa þátta menningararfsins.

8. gr. Minjasvæði ætti að tiltaka í lögum, en takmörk þeirra nú eru eðlileg. Vesturlandsminjasvæði sé frá Botnsá og að Strandasýslu. Strandasýsla fylgi Norðurlandsminjasvæði vestra, því að Strandasýsla hefur lengstaf átt mun meira sameiginlegt með sýslunum austan Húnaflóa en Ísafjarðarsýslum. Síðan taki við Norðurlandsminjasvæði vestra að mörkum Eyjafjarðarsýslu, þá Norðurlandsminjasvæði eystra að fjórðungamörkum á Langanesi, Austurlandsminjasvæði að Skeiðará, síðan Suðurlandsminjasvæði að sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Gullbringu- og Kjósarsýslu verði þjónað frá embætti þjóðminjavarðar, enda hægt um vik.

Forðast ber hins vegar að miða minjasvæði við kjördæmi á einhvern hátt, enda breytast þau frá einum tíma til annars.

Mikilvægt tel ég að staða minjavarðar sé ekki bundin við fornleifafræðinga. Þjóðháttufræðingur kemur engu síður til greina. Minjavörðum er ætlað svo miklu meira en að fjalla aðeins um fornleifar, og hér, eins og ævinlega, fer mest eftir glöggskyggni og almennri þekkingu starfsmannsins. Hér villir líklegast sýn að menn telja oft fornleifafræðinga hafa hina almennu menningarsögulegu menntun minjafraðinga.

Orðið menningarsaga í frv. er óskilgreint hugtak. Betra væri að segja að minjavörður skuli hafa menntun í minjafraði, sem er ótvíráðara. Minjafraði nær til fornleifa, fornminja og staðbundinna eða lausra gripa.

9. gr. Umfram allt þarf að halda orðinu búsetulandslag og festa það. Mér er kunnugt um að einhverjir vilja fá því breytt í menningarlandslag, sem er lokleysa.

D. liður, orðið bátalægi er greinilega misritun fyrir bátalendingar, sem er í reynd sama og varir, og væri því óþarft.

10. gr. Í a. lið 9. gr. segir að bæjarstæði skuli teljast til fornleifa og í 10. grein að þau skuli friðuð, sem og bæjarleifar. - Þetta er í reynd óraunhæft þegar um er að ræða bæjarstæði þar sem enn er búið. Ekki er t. d. hægt að leggja þær heftingarkvaðir á bónda, að hann megi ekki gera neitt rask á bæjarhlaði hjá sér, í reynd hversu lítið sem er, nema að undangenginni könnun eða rannsókn. Þá mætti varla grafa fyrir símastreng eða setja niður snúrustaur á bæjarstæði án leyfis, enda væri ógerningur að hafa eftirlit með slíku. Þyrfti þá að hafa eins konar fornleifalögreglu í sveitum. - Nær væri að friða aðeins bæjarstæði á eyðibýlum, sem verið hafa í eyði 50 ár eða lengur.

Önnur málsgrein ætti frekar að orðast svo: "Þjóðminjavörður hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt, enda valdi rannsókn landeiganda eða ábúanda hvorki skaða né óþægindum." - Seinni hluti setningarinnar er hér viðbót, en það fær vart staðizt að gera megi rannsóknir *hvar sem er*, t. d. á ræktuðu landi, án samþykkis landeiganda eða ábúanda. Þá þarf auðvitað að leita samninga og samkomulags. Hér þarf að fara að með nokkurri gát, en sé um almannaheill að ræða getur auðvitað komið til eignarnám. Fær það í reynd staðizt eignarréttarheimild stjórnarskrár, sem í nágildandi lögum stendur, að þjóðminjavörður hafi leyfi til fornleifarannsóknna hvar sem er á lóðum eða löndum einstaklinga?

11. gr. Nægilegt ætti að vera að gefa út endurskoðaða friðlýsingarskrá á fimm ára fresti. Vart mun friðlýsingarskrá breytast svo ört árlega og hér verður að hugsa um kostnað.

14. gr. Hér gæti orðið álitamál, hvað kallast meiri háttar framkvæmdir, ekki sízt þar sem mikið fjárhagsmál getur verið í húfi. Af sjálfu leiðir þó, að rannsóknir, sem gera verður vegna opinberra framkvæmda, skuli greiddar af framkvæmdafé. Um aðrar rannsóknir ætti þjóðminjavörður að skera úr um hver greiða skuli.

19. gr. Leggja ætti a.m.k. helming í viðbót ofan á málmverð til greiðslu fyrir fundinn forngrip úr góðmálmum. Hitt er broslega lítið og hætt við að menn teldu jafnvel meiri hag í að selja slíka gripi á forngripamarkaði, ef byðist.

28. gr. Líklegast er óraunhæft að birta árlega skrár sem þjóðminjaverði ber að færa. Á t.d. að birta árlega skrár um alla friðlýsta kirkjugripi? Það yrði nánast endurtekning sömu skrár frá ári til árs og hefði mikinn óþarfa kostnað í för með sér.

Frumvarp til laga um húsafriðun

2. gr. Rétt hlýtur að vera að skrifa heiti Húsafriðunarnefndar með stórum staf, þar sem er um að ræða sérheiti einnar ákveðinnar nefndar.

Nauðsynlegt er að meiri hluti nefndarmanna í Húsafriðunarnefnd komi úr hópi safnmanna. Þótt eðlilegt megi telja að Arkitektafélag Íslands tilnefni fulltrúa, sem og Samband sveitarfélaga, er sá hængur á að arkitektar hafa oft ekki þá tilfinningu fyrir minjagildi húsa sem þarf, til dæmis vegna aldurs eða sögulegs gildis, heldur líta margir þeirra á hús út frá forminu einu. Þannig líta þeir oft einföld og fábreytt hús sem ómerkileg og lítt varðveizluverð, sem hafa þó að annarra mati menningarsögulegt gildi. Þetta hefi ég þrúfaldlega sannreynt. Og hætt er við að frá sveitarstjórnarmönnum komi ekki alltaf fulltrúi, sem meti gildi húsa út frá menningarsögulegu gildi þeirra, heldur jafnvel frekar út frá hagsmunum sveitarfélags. Oft þarf svokallaða "safnlega tilfinningu" til að meta gildi gamalla og merkra húsa. Því ætti Félag íslenskra safnmanna tvímælalaust að tilnefna fulltrúa.

Og þjóðminjavörður á einnig tvímælalaust að eiga sæti í Húsafriðunarnefnd með fullum ákvörðunarrétti, ekki aðeins sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétti.

6. gr. Hér hefði verið eðlilegra að tiltaka að hús reist 1850 eða fyrr og kirkjur reistar 1918 eða fyrr skuli friðuð, miða við lok tímabilaskiptaársins sjálfs en ekki fyrir það. Þetta fór svona af vangá inn í núgildandi þjóðminjalög.

9. gr. Hér þarf að taka skýrar fram, að aukakostnaður sé aðeins sá, sem hlýzt af fyrirmælum um viðgerð húss í annarri mynd en það hafði við friðlýsingu. Við síðustu setningu þarf jafnframt að bæta hvaðan sú greiðsla komi sem leiði af fyrirmælum Húsafriðunarnefndar, myndi væntanlega vera úr Húsafriðunarsjóði.


Frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

2. gr. Óeðlilegt er að þjóðminjavörður skuli eiga að gefa leyfi til útflutnings málverka, mósaikverka, myndlistarverka ýmiss konar, höggmynda og myndastyttna (3. - 6. liður), bóka og handrita (8. - 9. liður), og náttúrufræðilegra gripa (12. liður). Ekki má ætlast til að þjóðminjavörður hafi þá þekkingu á slíkum hlutum yfirleitt, sem hér þurfi til. Eðlilegt er að sá úrskurður væri falinn forstöðumönnum þjóðsafna á þeim sviðum, þótt segja mætti að þjóðminjavörður gæti leitað til þeirra um ráðgjöf. - Hins vegar hefði verið skýrara að hafa ákvæði 3. greinar aftan við hvern lið 2. gr., þar sem þau eiga við. - Hér er dæmi um sjálfsgöða einföldun lagatexta.

Um þennan bálk hefi ég efnislega ekki að athuga. Mikilvægt er að hindra ólöglegan, óeðlilegan og ósiðlegan flutning menningarminja mill landa, og jafnframt að skilað sé til heimalanda slíkum minjum, sem ólöglega eða óeðlilega eru fluttir til annarra landa.

Hins vegar má heldur ekki leggja óeðlilegar hömlur á viðskipti með ýmiss konar gripri, og það verður líka að hafa í huga að hverju landi getur verið mikilvægt að menningarminjar þaðan séu til sýnis og kynntar að staðaldri í öðrum löndum. Sum söfn eru heimssöfn, kynna alheimi menningarminjar fjölmargra landa, t. d. þjóðfræðasöfn, og í reynd væri það óeðlilegt og þrengdi mjög menningarlegan sjóndeildarhring, ef öllum þeim söfnum væri sundrað og allt flutt til heimalands. - Og hafa verður einnig í huga, að ýmsir gripir slíkra safna væru ekki til nú ef þeim hefði ekki verið komið á viðkomandi söfn á sínum tíma.

Virðingarfyllt



Þór Magnússon
fv. þjóðminjavörður.